

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

38. fundur.

að Hlíðavegi 6, 22. maí 2008, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Ársreikningur 2008 fyrri umræða, endurskoðandi mættir til fundarins.
3. Hákon Ellertsson, styrkbeiðni.
4. Bréf frá Ottó Arnarsyni, þar sem kvartað er undan ónæði af hundum.
5. Erindi frá Landsvirkjun dags. 9. maí, þar sem óskað er eftir athugasemdum sveitarfélagsins við drög að tillögu að matsáætlun fyrir Kröflu II.
6. Verksamningur og tíma- og kostnaðaráætlun v/endurskoðunar á aðalskipulagi Skútustaðahrepps.
7. Tillaga að reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð.
8. Uppsögn.

Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Eypings frá 2. maí.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 8, yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

2. Ársreikningur 2008 fyrri umræða, endurskoðandi mætir til fundarins.

Arnar Árnason frá KPMG endurskoðun fór yfir reikninginn og svaraði spurningum sem til hans var beint. Að loknum umræðum var reikningnum vísað til annarrar umræðu.

3. Hákon Ellertsson, styrkbeiðni.

Borist hefur erindi frá Hákonni Fannari Ellertssyni þar sem hann óskar eftir styrk til þátttöku í Evrópumóti unglunga í fitness og vaxtarækt sem haldið er í Búdapest 6. júní n.k. Í bréfinu kemur fram að hann sé einn af þremur keppendum frá Íslandi sem valdir hafa verið af Alþjóðasambandi líkamsræktarmanna til þátttöku á mótinu. Sveitarstjórn samþykkir að veita Hákonni styrk, kr. 50.000,-.

4. Bréf frá Ottó Arnarsyni, þar sem kvartað er undan ónæði af hundum.

Með bréfinu sem er dags. 13. maí, kvartar bréfitari undan lausagöngu hunds og ónæðis sem hlýst af gjammi og galti annarra hunda sem ekki er svefnfriður fyrir. Slíkt sé afar hvítleitt og til óþæginda. Sveitarstjórn vill í þessu sambandi ítreka það við hundaeigendur að þeir tryggi eins og kostur er að hundar þeirra valdi ekki öðrum ónæði hvorki vegna lausagöngu né með gjammi og galti. Sveitarstjóra falið að bregðast við málinu.

5. Erindi frá Landsvirkjun dags. 9. maí, þar sem óskað er eftir athugasemdum sveitarfélagsins við drög að tillögu að matsáætlun fyrir Kröflu II.

Sveitarstjórn hefur yfirfarið drögin og vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum sem skoðuð verði sérstaklega við gerð frummatsskýrslu. Annars vegar að á bls. 12, kafla 3.5, kemur fram að við borun hverrar vinnsluholu þurfi að meðaltali 40 – 60 l/s til kælingar og skolunar á borsvarfi upp úr holunum og að til þess fái vatn úr nýrri borvatnsveitu Kröfluvirkjunar. Auk þess þarf ný virkjun kælivatn, allt að 150 l/s. Tryggja þarf að umrædd vatnsnotkun hafi ekki áhrif á vatnsból sveitarfélagsins og að ný borvatnsveita Kröfluvirkjunar standi undir þessu vatnsmagni til lengri tíma litið. Hins vegar á bls. 13, kafla 3,8 frárennslisveita þar sem fram kemur að grunnförgun affallsvatns sé m.a. talin koma til greina á 200 – 500 m. dýpi í borholur innan sigdalsins í Hlíðardal, vill sveitarstjórn að tryggt verið að förgun affallsvatns fari niður fyrir grunnvatn.

6. Verksamningur og tíma- og kostnaðaráætlun v/endurskoðunar á aðalskipulagi Skútustaðahrepps.

Fyrir fundinum liggur samningur og verkáætlun vegna heildarendurskoðunar á aðalskipulagi sveitarfélagsins unnin af Teiknistofu arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar. Helsta viðfangsefni aðalskipulagsins er að setja fram stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngur, þjónustukerfi og umhverfismál. Áætlað umfang vinnu verksala er 8-9,5 mannmánuðir og áætlað að aðalskipulags Skútustaðahrepps 2008 – 2020 verði tilbúið í byrjun árs 2010.

Áætlaður kostnaður við vinnu og endurskoðun er kr. 10 – 12 millj. án vsk. Þá er eftir að greiða kostnað vegna grunnkorta og loftmynda, fornleifaskráningar, náttúrufarskönnunar, greiningar á náttúruvá og önnur sérfræðistörf auk fjölföldunar gagna.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn og verkáætlunina. Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn og afla samþykkis Skipulagsstofnunar til kostnaðarþátttöku sbr. 4. mgr. 34. gr. laga nr. 73/1997.

7. Tillaga að reglugerð um Vatnajökulshjóðgarð.

Fyrir fundinum liggur erindi þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar Skútustaðahrepps á tillögu að reglugerð um Vatnajökulshjóðgarð. Tillagan barst með tölvupósti 20. maí og óskað var eftir að athugasemdum yrði komið á framfæri eigi síðar en 26. maí. Sveitarstjórn gagnrýnir hve stuttur tími er gefinn til að koma athugasemdum á framfæri, auk þess fylgja ekki með reglugerðinni viðaukarnir sem vitnað er í og því ákaflega erfitt að veita umsögn þar sem veigamikil gögn vantar. Sveitarstjórn gerir þó eftirfarandi athugasemdir við reglugerðina. Í 18. gr. vantar tilvísun í 27. gr.. Í 19. gr. segir: „*Innan Vatnajökulshjóðgarðs er óheimilt að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum, landslagi, menningarminum og mannvirkjum.*

Nánar er í 1. mgr. átt við lífríki, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, plöntur, trjágróður, gróðurþekju, landslag, landslagsheildir, jarðmyndanir, vatn, þ.m.t. grunnvatn, vatnasvið, straumstefnu vatns, vatnshæð, magn og gæði, eða aðra þætti náttúrunnar.“ En í 1. mgr. 23. gr. segir: „*Framkvæmdir og aðgerðir sem miða að því að endurheimta landgæði, verja lífríki, jarðmyndanir og landsvæði, menningarmínjar og mannvirki svo sem vegna ágangs manna, dýra eða plantna eða vegna náttúruhamfara, ágangs vatns og sjávar, jarðvegseyðingar eða annarrar röskunar af völdum manna eða náttúru eru heimilar innan þjóðgarðsins.*“ Sveitarstjórn telur að þessar tvær greinar stangist á.

Í 28. gr. reglugerðarinnar er varðar veiðar á ref og mink og hljóðar svo: „*Stjórn þjóðgarðsins getur óskað eftir því, í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, að ráðherra heimili veiðar á ref innan þjóðgarðsins eða afmarkaðra svæða hans.*

Þar sem veiðar á mink og ref eru heimilaðar eru þær á ábyrgð viðkomandi sveitarstjórnar en hafa skal samráð við viðkomandi svæðisráð og þjóðgarðsverði þegar þessar veiðar fara fram.“, getur sveitarstjórn engan vegin samþykkt. Fyrst ber að geta þess að inn í greinina vantar að gera ráð fyrir veiðum á vargfugli. Í annan stað telur sveitarstjórn óeðlilegt að hún eigi að bera ábyrgð og kostnað af veiðum á vargi innan þjóðgarðs en eigi ekkert að hafa um stjórn þess málaflokks að segja. Sveitarstjórn telur eðlilegt að annað hvort verði farið með þennan málaflokk eins og segir í skýrslu

Ráðgjafanefndar um stofnun Vatnajökulshjóðgarð frá árinu 2006 á bls. 15, en þar segir.. „*Nefndin leggur til að veiðum á ref og mink verði stýrt af sveitarstjórnnum, eins og venja er, í samráði við viðkomandi svæðisráð og þjóðgarðsverði...*“, eða þjóðgarðurinn ber ábyrgð og kostnað af þessum veiðum sjálfur. Samhliða því muni Umhverfissráðuneytið styrkja sveitarfélögin með myndarlegum hætti til að standa straum af þeim kostnaði sem hlýst af veiðum á mink, ref, og fugli sem fer út úr þjóðgarðinum. Þess ber að geta að sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur á sl. sjö árum varið rúmum 33. millj. kr. í þennan málaflokk að teknu tilliti til endurgreiðslna frá ríkinu. Það jafngildir kr.

11. þús. á hvern íbúa sveitarfélagsins á ári og þættu sennilega töluverðir fjármunir yrðu þeir heimfærðir upp á fjölmennari sveitarfélög. Sveitarstjórn finnst það óábyrgt í meira lagi að öll sú vinna og fjármunir sem í þennan málaflokka hafa verið lagðir til verndar m.a. fjölbreyttu fuglalífi í Mývatnssveit verði unnin fyrir gíg. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps áskilur sér allan rétt til að koma fleiri athugasemdum á framfæri síðar þegar nákvæmari gögn hafa borist.

8. Uppsögn.

Borist hefur uppsögn frá Þórhöllu Valgeirsdóttur þar sem hún segir starfi sínu við Íþróttamiðstöð lausu frá og með 1. ágúst n.k.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétusson.